

Sveitarfélagið Ölfus  
Kristinn Pálsson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 20. janúar 2020  
UST201912-243/A.B.  
10.04.00

### **Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi 2010 - 2022 og deiliskipulag - Bláfjöll, skíðasvæði- Sveitarfélagið Ölfus**

Vísað er til erindis verkefnastjóra Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss og nýju deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Í greinargerð kemur fram að breyting á gildandi aðalskipulagi felst í því að um 100 ha svæði verður skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í stað þess að vera óbyggt svæði.

Í greinargerð kemur einnig fram að í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir diskalyftu úr Kerlingardal upp á topp Bláfjalla, efri endastöðvar tveggja nýrra stólalyfta og nýjum skíðaleiðum. Ekki er gert ráð fyrir byggingum innan sveitarfélagsins öðrum en litlum stjórnstöðvum við endastöðvar áður nefndra lyfta.

#### **Leyfi til framkvæmda**

Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglum um fólkvanginn í Bláfjöllum er óheimilt að gera á svæðinu jarðrask nema með leyfi Umhverfisstofnunar og hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægt er að skilmálar skipulagstillagnanna séu í samræmi við reglur fólkvangsins, en Bláfjalafólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 173/1985.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að deiliskipulagstillögur innan friðlýstra svæða séu unnar í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem stofnunin veitir leyfi til framkvæmda á þeim.

#### **Mat á umhverfisáhrifum**

Í greinargerð kemur fram að breyting á aðalskipulagi fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlna vegna liðar 12.01 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000: Skíðasvæði, skíðalyftur og kláfar og tengdar framkvæmdir á skíðasvæðum á verndarsvæðum [svæðið er vatnsverndarsvæði, fjarsvæði] og jöklum.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin veitti umsögn varðandi matsskyldufyrirspurn fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum í Kópavogsbæ í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum dags. 30. október 2018.

Þar kemur m.a. fram að Verkfræðistofan Mannvit gerði áhættumat gagnvart vatnsvernd – 2017 vegna uppbyggingar aðstöðu við Þríhnúkagíg og Bláfjöll. Í áhættumatinu kemur m.a. fram að þörf sé á mótvægisáðgerðum sem felast m.a. í lagfæringu hættulegustu vegkafla á umræddu svæði til að draga úr líkum á mengunarslysum. Einnig er bent á að bílastæði við skíðasvæðið í Bláfjöllum er á vatnaskilum sem þýðir að mengun á svæðinu færi ekki endilega í vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Umhverfisstofnun telur að ganga eigi úr skugga um þetta og grípa til áðgerða ef þurfa þykir, s.s. að leggja bundið slitlag á bílastæðið og koma fyrir olíuskiljum.

Ef tillagan gerir ráð fyrir aukningu á umferð um Bláfjallaleið og ekki er gert ráð fyrir endurbótum á veginum telur stofnunin að það þurfi að endurmeta áhættumat fyrir skíðasvæðið.

### **Skíðalyftur, brekkur og ásýnd**

Í greinargerð kemur fram að skíðalyftur verði reistar, svæði umhverfis lyftur mótað og skíðabrekkur gerðar og gera megi ráð fyrir raski, en umfang rasks er nokkuð óljóst.

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki hvort sem um er að ræða mannvirkjagerð eða landmótun. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan geri ráð fyrir einhvers konar mannvirkjagerð í formi skíðabrekkna sé mikilvægt að það sé gerð grein fyrir henni í tillögunni á myndrænan hátt. Það er mat Umhverfisstofnunar að lyftur og gerð skíðabrekka muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og því mikilvægt að fella mannvirki að landinu eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

### **Vegir**

Á skíðasvæðinu eru fjölmargir vegir, slóðar og för eftir vélknúin ökutæki. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerð sé skýr grein fyrir vegum og vegafamkvæmdum í tillögunni og á skíðasvæðinu í heild sinni þar sem m.a. eru sýndir vegir að skíðalyftunum á framkvæmdatímanum og eftir að lyfturnar eru komnar í notkun, m.a. vegna viðhalds.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir einungis einni aðkomu að framkvæmdasvæðunum og gengið verði frá öðrum vegum, slóðum og troðningum á öllu skíðasvæðinu og þeim lokað.

Mikilvægt að er að mati stofnunarinnar að fjallað sé betur um í tillögunni umhverfisáhrif framkvæmdanna.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu sveitarfélög við gerð aðalskipulags gera tillögu að skrá á stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil. Sveitarfélög skulu í tillögunni flokka vegina í samræmi við flokkun skv. 4. gr. reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands. Auk þess bendir stofnunin á að vinnu samkvæmt ákvæði þessu skal lokið fyrir árslok 2020.

Slík vegaskrá er jafnframt háð samþykki Umhverfisstofnunar þegar svæði liggja innan friðlýstra svæða eða annarra stjórnvalda.

Í 3. mgr ofangreindra laga segir að við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skv. 1. mgr. skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa.

Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög jafnframt hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar.

Vegagerðin heldur utan um skrána en sveitarfélög bera ábyrgð á að senda tillögur þegar vinna við aðalskipulag fer fram.

Skráin hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi, sbr. 32. og 36. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.

### **Gönguskíðabraut og hraun**

Í greinargerð kemur fram að uppsetning snjósöfnunargirðinga við gönguskíðaleiðir er heimil án rasks á hrauni. Auk þess kemur fram að innan svæðisins er heimilt að raflýsa skíðagönguleið, halda skal jarðraski í lágmarki við allar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um hvernig framkvæmdum verði háttáð og um aðgengi að þeim mannvirkjum sem eru hér til umfjöllunar.

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er forsögulegt hraun sem nefnist Heiðin há og fellur hraunið undir a. lið. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til, og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask hraunsins við gerð raflýsingar, sbr. 61.

gr. náttúruverndarlaga, og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauninu þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### Deiliskipulag

Í greinargerð kemur fram að í gildi er deiliskipulag fyrir meginhluta skíðasvæðisins í Bláfjöllum sem er í landi Kópavogs á um 390 ha svæði og bendir Umhverfisstofnun á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið dags. 9. október 2018.

Hér er verið að vinna tvær deiliskipulagstillögur fyrir sama verkefnið sem er uppbygging skíðasvæðis höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum. Umhverfisstofnun það æskilegt að unnin sé ein deiliskipulagstillaga fyrir skíðasvæðið til að meta heildaráhrif framkvæmdanna og þá sérstaklega m.t.t. uppbyggingar mannvirkja, ásýndar/rasks og vatnsverndar.

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skal meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.


Í greinargerð kemur fram að framtíðarsýn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir Bláfjöll til ársins 2030 er að stækka skíðasvæðið yfir í Sveitarfélagið Ölfus á allt að 100 ha svæði. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hverjar forsendur stækkunarinnar eru og hvort stækkunin muni verða til þess að gestum fjölgi, bílaumferð aukist og hvort þurfi að fara í afleiddar framkvæmdir eins og að stækka þjónustuskála, bílastæði o.s.frv.

Það er mat Umhverfisstofnunar að við stækkun á skíðasvæðinu muni umferð gesta og bíla aukast sem mun verða til þess að það þurfi að fara í ýmsar framkvæmdir eins og gerð þjónustubygginga og stækkun á bílastæði.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur